Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30.4 2019
Tilvísun: 201904-0030

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 785. mál..

Alþýðusamband Íslands styður það markmið frumvarpsins að auka gegnsæi og ábyrgð félagasamtaka sem gefa sig út til þess að starfa til almannaheilla og sem njóta vilja tiltekinnar réttarstöðu gagnvart stjórnvöldum og trúverðugleika gagnvart samfélaginu. Líkt og þegar mál þetta var til umræðu á árinu 2006, gerir ASÍ nokkrar athugasemdir við efni þess.

Ein af niðurstöðum úr því nefndarstarfi sem gerð er grein fyrir í athugasemdum með frumvarpinu var sú að „*Löggjöfin mætti ekki verða íþyngjandi fyrir félagasamtök og gæta yrði að því að þrengja ekki að möguleikum félagasamtaka til að ákvarða sitt innra skipulag.*“ Það frumvarp sem óskað er umsagnar um er nokkuð ýtarlegt og mælir einnig fyrir um stangar refsingar í 9. kafla vegna tiltekinna brota og er fyrirmynd þess sótt í hlutafélagalög að því er best verður séð.

Um er að ræða ramma utan um frjáls félagasamtök sem njóta verndar stjórnarskrár. Ætla má að því ýtarlegri sem ramminn sé aukist líkur á því að lögin kunni að geta stangast á við stjórnarskrá en þessi félög gegna ekki sérstöku lögbundnu hlutverki líkt og á við um stjórnmálaflokka, stéttarfélög, lífeyrissjóði o.fl.

Sértaka athygli vekja m.a. í þessu efni heimildir stjórnvalda í 25.gr. til þess að slíta félagi hafi það m.a. *„... brotið gegn lögum eða skilgreindum tilgangi samkvæmt samþykktum sínum að verulegu leyti.“*. Sama á við um ákvæði 9. kafla. Þar er t.d. í b. lið 35. gr. mælt fyrir um allt að tveggja ára fangelsi vegna brota á því sem lítur m.a. að innri málefnum félags auk þess sem almenn hegningarlög mæla fyrir um refsingar fyrir sumt af því sem þarna er fjallað er um. Um sérrefsilöggjöf er því að ræða sem lítur að starfsemi frjálsra félagasamtaka af þeirri ástæðu einni að þau fá skráningu sem almannaheillafélög.

Það er álit ASÍ að vel fari á því að Alþingi hyggi vel að því hvort þessu frjálsa félagsformi sé ekki sniðinn of þröngur stakkur í fyrirliggjandi frumvarpi.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is